

1868.

1868.

11. janúar.

**1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sölu á ýmsum borðbúnaði, er konungsfulltrúi hafði haft við alþingisveizlur.**

Í bræfi dagsettu 18. októbermán. f. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, mælt fram með, að yður verði veitt heimild til að láta selja við uppboð ýmsa muni, er heyra til borðbúnaðar, og Melsted sálugi amtmaður hafði keypt á kostnað stjórnarinnar til þess að hafa við veizlur á alþingi þegar hann var konungsfulltrúi, með því að borðbúnaður þessi hvorki er svo úr garði gjör né svo fullkominn, að hann verði notaður til þess sem hann var ætlaður, og hafði þér stungið uppá, að bókasafni alþingis verði gefið andvirðið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar í þessu efni.

11. janúar.

**2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir afgreiðslu pósts í Suðursveit.**

Útaf bænarskrá til stiptamtsins frá síra Þorsteini Einarssyni, presti að Kálfafellsstað í Austur-Skaptafellssýslu, um, að honum verði veitt þóknun fyrir starfa þann að vera póstaafgreiðslumaður á póstferðunum milli Kirkjubæjarklausturs og Eskifjarðar, er hann nú hefir haft á hendi í mörg ár, hafði þér, herra stiptamtmaður, mælt fram með í bræfi dagsettu 20. septembermán. f. á., að síra Þorsteini Einarssyni verði veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa hans.



Um þetta skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti, að síra Þorsteini Einarssyni sé veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þetta ómak sitt, frá 1. aprílmán. 1868, og hefir landfógetanum á Íslandi verið skrifað í dag um að borga upphæð þessa úr jarðabókarsjóðnum.

1868.

11. janúar.

### 3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kirkjugjöldin í Víðihóls sókn.

14. janúar.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í bréfi yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsettu 18. septembermán. f. á., hefir hans hátign þóknast samkvæmt þegnlegum uppástungum stjórnarráðsins 3. þ. m. að fallast á, að frá því að Skinnastaða prestakall næst verður laust megi allar lögboðnar kirkjutekjur af bæjunum í Víðihóls sókn og frá ábúendum þeirra renna til Víðihóls kirkju í stað Skinnastaða kirkju, en að Skinnastaða kirkja aptur frá sama tíma skuli verða laus við skuldbindingu þá, sem á hana er lögð í konungsrúskurði 24. októbermán. 1859 3. lið<sup>1</sup>.

Þetta skal yður hér með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það.

### 4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á jörðinni Grímstungu.

14. janúar.

Með bréfi dagsettu 17. septembermán. f. á. hafði þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænar-

<sup>1</sup>) sjá bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 24. desbr. 1859, Stjórn. tíð. I, 321—322.